
65. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra til að fresta framlagningu frumvarps, um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu o.fl). Einnig verði frestað framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Stofnað verði til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi.

Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Greinargerð.

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustar atvinnu og byggðar í landinu. Framkvæmd laganna gagnvart helstu nytjastofnum verði sú að hagkvæm nýting nytjastofns leiði til öflugar byggðar um land allt án sértækrar staðsetningar.

Sérstaða við nýtingu sjávargróðurs og grásleppu umfram aðra nytjastofna sem falla undir lög um fiskveiðistjórnun, er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi nýtingin er fyrir vöxt og viðgang einstakra byggðarlaga. Staða samfélaga á Vestfjörðum sem nýta þessar auðlindir er einnig viðkvæm með tilliti til íbúaþróunar og efnahagslegrar stöðu. Þeim til stuðnings hafa stjórnvöld og Alþingi sett markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðþróun um land allt. Forðast verður þá stöðu að breyting á lögum um fiskveiðistjórnun vinni gegn settum markmiðum í byggðamálum og auki óöryggi um framtíð samfélaganna. Þess í stað ætti að vinna að samþættingu markmiða laga um fiskveiðistjórnun og markmiða í byggðamálum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur það því réttmæta kröfu, að sjónarmið er varða hagsmuni þessara samfélaga verði tekin til umfjöllunar við breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Einnig telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að málefnið skarist við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanir stjórnvalda s.s. Landskipulagsstefnu og efla verði rannsóknir á lífríki, vistkerfum og tengsl samfélaga og auðlindanýtingar. Er það krafa Fjórðungsþings Vestfirðinga að stofnaður verði starfshópur með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Hlutverk starfshópsins verði að greina áhrif nýtingar á efnahag, samfélög, lífríki og vistkerfi og setningu markmiða sem styðja við framþróun samfélaga og tryggi sjálfbærni nytjastofna.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga
Vísast til Fjórðungsmálanefndar